


Breyta texta í Dagnótu í Nýrri textasýn og vinnulista Saga 2018.1


Nú er hægt að breyta innihaldi eyðublaðs "(or) Dagnóta" #14 beint í nýju textasýninni og í vinnulista starfsmanns. Stilligildi #6300 þarf að vera virkt og með númeri eyðublaðsins 14 í gildinu. Ekki er hægt að bæta við fleiri eyðublöðum þarna inn. Dagnótan er eina blaðið sem hægt er að breyta í nýrri textasýn núna. Notandi þarf einnig að vera með ritaðgang að deildinni sem blaðið tilheyrir. Allar ábendingar varðandi þessa virkni eru vel þegar frá kerfisstjórum þar sem þetta er prufuverkefni. Hugsunin er að bæta við fleiri eyðublöðum í þessa virkni í framhaldinu.

Í nýrri textasýn er virknin eftirfarandi.


Hér er skrifaður texti í eyðublaðið í eyðublaðaeiningunni og notandi staðfestir eyðublaðið.




Notandi fer svo í Nýja textasýn og sér dagnótuna. Það er blýantstákn við nafn eyðublaðsins og gefur það til kynna að notandi getur breytt nóttunni.




Notandi setur músina yfir blýantstáknið og þá getur hann valið að „Breyta dagnótu“.

a  **Breyta dagnótu**
ur Jóhannesdóttir, Þjónust

Notandi fær skilaboð um að dagnótan hafi verið staðfest og hvort hann vilji örugglega breyta staðfestu eyðublaði. Notandi velur „Já“.



Gluggi opnast þar sem notandi getur breytt dagnótunni. Notandi smellir loks á „Staðfesta.“



Notandi sér í Nýrri textasýn að gögnin eru óstaðfest en textinn sem hann bætti við sést núna. Í næstu útgáfu af Sögu verður vonandi hægt að Staðfesta eyðublaðið í þessari sýn.

28.02.2018 (or) Dagnóta [Óstaðfest gögn]

. Almennar lyflækningar


Nóta: Komunóta:

Dagnóta: Hér er texti sem ég ætla að breyta svo seinna í Nýju textasýninni. Staðfesti blaðið í eyðublaðaeiningunni.

Hér bæti ég við texta.

Í vinnulistanum er hægt að staðfesta eyðublaðið og er virknin eftirfarandi:

Notandi velur línu þar sem er óstaðfest dagnóta.



Texti eyðublaðsins birtist fyrir neðan og sést þar blýantstákn. Mús er sett yfir blýantstáknið og það birtist textinn „Breyta dagnótu“.

n] **Breyta dagnótu**

ónusta. Almennar lyflækningar

Nýr gluggi opnast þar sem notandinn getur breytt textanum sem er í dagnótunni.

Notandinn breytir textanum og smellir svo á Staðfesta til að Staðfesta textabreytinguna. Til þess að staðfesta svo blaðið þá þarf notandinn að smella á „Staðfesta“ í horninu niðri hægra megin.

Með kveðju

TMS - Heilbrigðislausnir